



Alþingi

Erindi nr. þ 121 / 1168

komudagur 20 / 3 1997

Seltjarnarnessókn

Kirkjubraut 2, 170 Seltjarnarnes, ☎ 561 1550

Allsherjarnefnd Alþingis
Frú Sólveig Pétursdóttir alp.m.

Seltjarnarnesi, 19. mars 1997

Vísað er til bréfs nefndarinnar frá 20. febrúar s.l., þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um stöðu þjóðkirkjunnar og biskupskosning.

Sóknarnefnd Seltjarnarness er aðili að Samtökum sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófstdæmum, og er því aðili að hinni sameiginlegu umsögn þeirra samtaka og Leikmannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju.

Jafnframt viljum við þó leggja áherslu á eftirfarandi atriði sérstaklega:

1. Skipan sókna - sóknarbönd (49. gr.). Við teljum mikilvægt að einstaklingar geti, ef þeim svo sýnist, valið sér að tilheyra annarri sókn en þar sem heimili þeirra er. Við teljum einnig æskilegt, að þeir, sem þannig segja sig til annarrar sóknar, öðlist þar full réttindi, þ.á.m. rétt til að sitja í sóknarnefnd.
Rökstuðningur: Við teljum það bæði réttlæismál, og einnig að það muni efla þjóðkirkjuna, ef einstaklingar, sem eru óánægðir með þjónustu í heimakirkju sinni, hvort sem sú óánægja beinist að prestinum, sóknarnefndinni eða einhverju öðru, eigi annað val en að segja sig úr þjóðkirkjunni. Einnig teljum við óþarfa að víkja úr sóknarnefnd manni sem starfað hefur vel að málefnum kirkju sinnar, þótt hann flytist búferlum út fyrir sóknina.
2. Skipun í prestsembætti (39. gr. - liður 3.08 í aths. samtakanna): Við teljum, hvað varðar hugmyndir um útfærslu, sem settar eru fram í umsögn Samtaka sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófstdæmum, að einhver frekari útfærsla á hugmynd (b) gæti orðið málamiðlun.
3. Við söknum ákvæðis um framkvæmdanefndir innan sóknarnefnda. Það er reynsla okkar að þörf sé skýrra ákvæða um framkvæmdanefndir, og að best sé að þau séu í rammalöggjöf fremur en í starfsreglum.

Að öðru leyti vísum við til umsagnar Samtaka sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófstdæmum.

F. h. Sóknarnefndar Seltjarnarness

Guðmundur Einarsson
formaður sóknarnefndar